

Fyrirspurn

til innviðaráðherra um forvarnir og viðbrögð við gróðureldum.

Frá Gísla Rafni Ólafssyni.

1. Hversu margar slökkvískjólur hafa verið keyptar fyrir Landhelgisgæsluna síðan 30. júní 2022?
2. Hversu mörgum slökkvískjólum hefur Landhelgisgæslan yfir að ráða og hvert er ástand þeirra?
3. Hefur fjármagn verið tryggt í fjárlögum eða í fjármálaáætlun til þess annars vegar að kaupa nauðsynlegan viðbragðsbúnað vegna gróðurelda, sbr. tillögur starfshóps Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar í minnisblaði til ráðherra frá byrjun mars 2022, og hins vegar koma upp viðbragðsáætlunum fyrir gróðurelda á helstu stöðum þar sem hættu er á að slíkir eldar kvikni?
4. Hefur verið komið upp endurmenntunarnámskeiði fyrir slökkviliðsmenn vegna gróðurelda? Ef ekki, hvenær er von á að slíkt námskeið verði tilbúið og kennsla hafin?
5. Hver er staða á vinnu við rafrænu gáttina Brunagátt þar sem upplýsingar um búnað slökkviliða og staðsetningu hans eiga að verða aðgengilegar auk upplýsinga um miðlæg- an búnað og utanaðkomandi bjargir sem nýtast til slökkvistarfs?

Skriflegt svar óskast.